

Ed.

276. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 12. febrúar 1945, um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Á eftir 2. málsgrein 1. greinar laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er ráðherra, ef í hlut eiga hin fámennustu læknishéruð eða héruð, sem af öðrum ástæðum telst um megn að standa undir kostnaði af að reisa læknisbústaði með þeim styrk, sem ákveðinn er í 1. málsgrein þessarar greinar, að auka styrki frá því, sem þar greinir, upp í allt að $\frac{3}{5}$ byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta eftir beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um frumvarpið sjálft, að flytja við það breytingartillögur og að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Með frumvarpi þessu er gengið til móts við kröfur, sem uppi eru um að auka byggingarstyrki til læknisbústaða í héruðum, sem telst um megn að rísa undir slíkum framkvæmdum með þeim styrk, sem ákveðinn er í gildandi lögum, og tekur þetta einkum til hinna fámennustu og afskekktustu héraða.